

HÚSÖNDIN

42. tbl. 3. árg.
17. nóv. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 18. - 24. NÓVEMBER

20.11 Halldóra Egilsdóttir
24.11 Sólveig Hólmfríður Jónsdóttir, Stefán Stefánsson
Helga María Halldórsdóttir, Marta Ciurzynska

Við hjá Velferðasjóði Þingeyinga viljum þakka Landeigendafélagi Reykjahlíðar fyrir hlýhug í okkar garð.

Þetta kemur sér vel!

Bestu kveðjur!

Kæru sveitungar

Nú fer að koma að okkar árlegu skreytingum og eins og undanfarin ár afgreiðum við eftir pöntunum. Pantanir frá einstaklingum og fyrirtækjum þurfa að hafa borist fyrir klukkan 19:00 föstudaginn 20. nóvember hjá Siggu Jósa í síma 865-2005.

Vegna þess hve mörg fyrirtæki eru lokuð þá ítrekum við að þeir sem eru með fastar pantanir og vilja breyta þeim hafi samband.

Í ár mun allur ágóði af sölunni renna til Velferðarsjóðs Þingeyinga.



Verð:

Krans kr. 8.000.

Kertaskreyting kr. 8.000.

Leiðiskross kr. 5.000.

Leiðisgrein kr. 2.500.

Þökkum stuðninginn

Slysavarnadeildin Hringur

“Opið hús” hjá Nýsköpun í Norðri

Við viljum sjá þig og heyra í þér!

NÍN hefur frá upphafi byggst á hugmyndum íbúa í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Á næstu vikum verður því þema haldið gangandi með röð rafrænna hittinga (við munum halda staðbundna fundi líka eftir því sem aðstæður leyfa) þar sem leitast verður eftir samtali um verkefni NÍN. Fundirnir eru rafrænir á hverjum fimmtudegi kl 17:00.

Dagskrá

19. nóvember kl 17:00-18:00 - Tækifæri í náttúruvernd og nýtingu minja, kynningar. Kynning á tækifærum sem geta falist í náttúru- og minjavernd í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Hildur Ásta Þórhallsdóttir leiðir fundinn, en góðir gestir flytja erindi. Fundurinn er tekinn upp og aðgengilegur á Thingeyingur.is og Facebooksíðu NÍN.

26. nóvember kl 17:00-18:00 - Tækifæri í náttúruvernd og nýtingu minja, umræður.

Samtal íbúa um möguleg tækifæri í samhengi við kynningar frá 19. nóvember. Umræðurnar fara fram á rafrænum samtalsvettvangi, en hlekk inná fundinn verður hægt að finna á Thingeyingur.is og Facebooksíðu NÍN.

3. desember kl 17:00-18:00 - Umræður um afrakstur aðgerða NÍN sem unnar voru af rýnihópum vorið 2020. Hvað hefur gerst síðan þá?

10. desember kl 17:00 - Viðskiptaþróun í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit - Hvaða fyrirtæki eru rísandi stjörnur og hvaða tækifæri eru handan við hornið?

14. janúar kl 17:00 - Tækifæri í kolefnisbindingu í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi.

Áframhaldandi dagskrá verður kynnt síðar. Nánari upplýsingar má finna inn á www.thingeyingur.is og Facebook síðu NÍN.

